

## Málefni: Samantekt skýrslu um grunn- og tónlistarskóla í Hamranesi

Hér er gerð tilraun til að taka saman umræðu og tillögur sem vinnuhópur um undirbúning byggingar grunnskóla og tónlistarskóla í Hamranesi vann vorið 2007 og fyrir liggur í sérstakri skýrslu. Tilgangur samantektar er að auðvelda umræðu um skýrsluna og ná fram aðalatriðum umræðunnar sem þarf að taka afstöðu til við frekari mótunar skólans þegar að hönnunarferli hans kemur. Samantektin hér hefur aðra uppbyggingu en skýrslan sjálf en hversu vel þessi samantekt nær aðalatriðum skýrslunnar verður hver og einn að meta í ljósi samanburðar á þessu tvennu en samantektin er á ábyrgð starfshópsins sem undirbýr mótun skólans skv. ákvörðun bæjaryfirvalda.

- 1. Grunnskóli og tónlistarskóli.** Sambyggður grunnskóli og tónlistarskóli í Hamranesi er megingtillaga skýrslunnar. Skólarnir verði þó skýrt aðgreindir en þó mikið samstarf í skólastarfi beggja skóla þar sem auðvelt verður fyrir nemendur grunnskólans að sækja tónlistartíma á skólatíma grunnskóla. Hvor skólinn um sig þarf eigin kennsluáðstöðu. Það sem þó gæti verið sameiginlegt og til hagræðingar er sameiginleg starfsmannaaðstaða (kaffistofa), salur og jafnvel bókasafn ef það hefði tónlistarefni að sérstöku viðfangsefni. Um það hvernig mætti samnýta húsnæði er helst umræða um sali skólanna, svo sem til tónlistarflutnings, til fyrirlestrarhalds, til að matast (starfsfólk beggja skóla og nemendur grunnskóla) og skemmtanahalds í grunnskóla sem skoða þyrfti með samnýtingu á eftir megni en þó að hafa sem mesta möguleika á góðum salarkynnum fyrir báða skólana. Við grunnskólann verði jafnframt íþróttahús sem nýtist kennslu en um leið komi það einhverjum keppnisíþróttum að gagni sömuleiðis utan skólatíma. Sundlaug verði ekki við skólann.
  - a. Ítartillaga:** Í tengslum við stjórnmiðstöð skólans verði rekin menningarmiðstöð sem nýti mötuneyti/sal skólans og tengist jafnvel bókasafni. Áhersla miðstöðvarinnar verði m.a. með starfsemi í tengslum við aðstöðuna, þ.e. nýti sal, mötuneyti og bókasafn eins og hægt sé í starfsemi sinni, t.d. hverfiskaffihús o.fl.
  - b. Ítartillaga:** Bókasafn verði jafnframt almenningsbókasafn og útibú frá aðalbókasafni bæjarins. Áhersla gæti verið á tónbókasafn sem nú er í aðalsafni.
  - c. Ítartillaga:** Hugmynd frá nemendum í Víðistaðaskóla að gera skuli ráð fyrir dýragarði og gróðurhúsi í húsnæði skólans, þ.e. tengsl við náttúru og dýr verði hluti skólastarfsins í einhverri mynd.
- 2. Skólahúsnæði.** Við mótun kennsluhúsnæðis verði hugað að nokkrum þáttum, s.s. (1) að tengja húsnæðið vel við umhverfi sitt (hraun og hamar), (2) að vistvæns hreinleika í umhverfisþáttum og byggingarefnum sé gætt allt byggingarferlið því það ýti einnig undir umhverfismennt í skólastarfinu, (3) að kennsluálmurnar henti vel mismunandi þörfum eftir stigum grunnskólans (yngsta stig, miðstig og unglíngastig) þar sem verkstæðisLIST-hugmyndir verði áberandi í skólarýmum yngstu nemenda en hefðbundnar verk- og listgreinastofur til kennslu eldri nemenda. Mikilvægt er að hafa vandað byggingarefni til að viðhald byggingar verði sem minnst og ending þess góð. Nokkrar tillögur komu að

mögulegum útfærslum á skólabyggingu, þ.e. skóli með gítarlögun, hraunklasa-skóli, hverfisgata m/þakrými til sýninga o.fl.

- a. **Ítartillaga:** Í kennsluálmum yngsta stigs verði sérstaklega hugað samspili í notkun rýmis almennrar kennslu fyrir hópa, verkstæðisLISTkennslu og heilsdagsskóla þar sem rými verði samnýtt eins mikið og hægt er og án of mikillar sérhæfingar einstakra rýma. Markmiðið væri að skapa námi í grunnskóla og heilsdagsskóla báðum sérrými en þó sem mest samrými í aðstöðu allan daginn án þess að ganga á þarfir hvors annars.
  - b. **Ítartillaga:** Í kennsluálmum miðstigs verði hugað að félagsaðstöðu sem tengist nýtingu íþróttaaðstöðu sem eflir hreyfingu og heilsuverkefni í starfsemi skólans.
  - c. **Ítartillaga:** Í kennsluálmum unglingsstigs verði gert ráð fyrir félagsmiðstöð með sína eigin sali og herbergi sem er þá utan stjórnunarálmunnar sjálfrar.
3. **Skólastarf:** Um innra starf í skólanum var áhersla á nokkra þætti, þá helst þessa: (1) mikilvægi þess að nemendum líði vel í skólanum og áhersla sé þar á heilbrigða lífshætti þar sem mannrækt sé í fyrirrúmi í skólastarfinu, (2) að tengja skólastarfið sem mest við grenndarsamfélagið í þessu íbúðarhverfi (sem gæti m.a. gerst í tengslum við menningar-miðstöð), (3) að kennsluáherslur séu á einstaklingsmiðun í námi og sveigjanlega kennsluhætti,(4) áhersla verði á nám í verk- og listgreinum, t.d. með listasmiðjum í kennslurýmum á yngsta stigi, framsæknum og góðum listgreinastofum fyrir eldri nemendur og samstarf við tónlistarskóla og (5) umhverfismennt verði í hávegum höfð þar sem samspil skólastarfsins við umhverfi skólans verði sjálfsagður þáttur í daglegri starfsemi (endurvinnsla, útivist og hreyfing, náttúruskoðun og umhverfisvernd).
  4. **Kennslan og námsumhverfið:** Í skólastarfinu verði lögð áhersla á þemabundna kennslu í hópum sem nemur um einum árgangi, þ.e. nálægt 60-70 nemendur saman sem eining (árgangur eða blöndun innan stigs). Kennsla fari fram í lotum þar sem blandað sé saman kennslu, hvíld og útiveru, frí- og tómsundum yfir skóladaginn. Skólastarfið taki mið af þörfum nemenda fyrir sveigjanlega aðstöðu til að læra og nema og kennsluumhverfið geti bæði ráðið við skipulag skólastarfs hvort sem er í stórum eða smáum hópum, í stórum rýmum og afmörkuðum smærri rýmum. Í því felst sveigjanleiki til að nemendur fái nám við hæfi og hljóti menntun sem nýtist þeim til framtíðar. Slíkt þarf frekari útlístarar við á síðari stigum vinnunnar.
  5. **Skólalóðin:** Mikilvægt er að hafa góða og rúma skólalóð og því frekar sem starfsemin á að vera meiri og fjölbreyttari. Skólalóðin gegnir mikilvægu hlutverki til hvíldar, tilbreytingar og hreyfingar fyrir nemendur til íþróttar og frjálstrar samveru eftir því sem skóladagur nemenda lengist og einnig eftir að honum lýkur. Gera þarf ráð fyrir íþróttavöllum, t.d. KSÍ-velli, körfuboltavelli með nokkrum körfum og handboltamörkum auk almennra leiktækja til hreyfingar nemenda á ólíkum aldri, t.d. sem tengist hjólabrettum, hjólreiðum o.þ.h. Við hönnun lóðarinnar skal leitast við að auðvelda nemendum útiveru í öruggu umhverfi og hugsa um að varðveita hraunið eins og hægt er. Þá þurfa kennarar og skólaliðar ætíð að hafa góða yfirsýn yfir skólalóðina. Þá skal lóðin einnig nýtast undir íþróttar- og leikjanámskeið á sumrin fyrir börn á grunnskólaaldri og fyrir hverfið þegar ekki er skóli. Einnig þarf að gera ráð fyrir „hangssvæðum“ (hugsað fyrir unglingsdeildirnar, bekkir og annað því tengt) eða svæðum þar sem hægt er að vera með útikennslu. Lýsing þarf að vera góð í skammdeginu og æskilegt er að flæði sé á náttúruafni milli skólabyggingar og skólalóðar.

- a. **Ítartilaga.** Að rými á skólalóð sé fyrir nemendaverkefni; til að færa listgreinar skólans út á lóðina, t.d. í sýningarkassa eða upplýstu sýningarsvæði fyrir almenning og nemendur, jafnvel í einhverju skjóli (sbr. sýningarbása við Laugarnar í Reykjavík). Í þessu samhengi skoðast sérstaklega tenging við menningarstöð og skólann sem miðpunkt hverfisins til hreyfingar og menningarörvunar fyrir íbúa í hverfinu til að ganga um hverfið.
6. **Skólastjórnun o.fl.:** Mjög breiða samstöðu þarf við stjórnun á öll þeim verkefnum sem þarna geta hugsanlega komið og huga þarf vel að skipulagi á slíku í tíma. Á að gera ráð fyrir að fyrir hvern þátt sé yfirmaður? Þ.e. skólastjóri grunnskóla, skólastjóri tónlistarskóla, forstöðumaður menningarmiðstöðvar (?), forstöðumaður félagsmiðstöðvar, forstöðumaður bókasafns (?) og forstöðumaður íþróttamiðstöðvar (?). Hvernig samspili og samstarfi verði háttáð milli aðila stýrist einnig af því hve stórir einstakir verkefnisþættir verða og hvernig húsnæði skipast milli þeirra. Verður einhver einn aðili yfir öllu húsnæði, einn aðili yfir fleirum en einum rekstrarþætti og hvernig er hægt að þróa teymisvinnu í stjórnun þar svo allar starfseiningar vinni vel saman?
7. **Heiti og skólamerki:** Margar hugmyndir komu fram um heiti skólans og nokkrar grunntillögur að skólamerkjum litu dagsins ljós í vinnunni. Engin ein tillaga fékk þó yfirgnæfandi stuðning og er vísað á skýrsluna sjálfa til frekari skoðunar hér þegar að slíkum atriðum kemur í ákvarðanatöku. Samkeppni um nöfn á bæjarvefnum hefur gefist hér vel á grundvelli nokkurra tillagna - sem eru þegar til staðar í skýrslunni.

### **Framhaldið.**

Fulltrúar níu arkitektastofa tók þátt í vinnunni sem leiddi til afraksturs í skýrslu vinnuhópsins og er mælt með því að þeir hafi allir möguleika að taka þátt í lokuðu útboði um hönnun skólans (útlits- og/eða verðhönnun). Mikilvægt er að unnið verði eftir grunnhugmyndum hér í teiknivinnunni sem er framundan og finna leiðir til að gefa arkitektum tækifæri til að setja fram nánari hugmyndir á grundvelli skýrslu vinnuhóps um skólann – í samræðu við hagsmunaðila.

Æskilegt er að við frekari hönnun skólanna starfi fulltrúar bæjarins á ólíkum sviðum með arkitektastofu sem mun vinna að mótun skólans á síðari stigum, t.d. fulltrúar fræðslufirvalda, íþróttamála, félagsmiðstöðva, tónlistarskóla, fasteignafélags og menningarmála, eftir því sem ákvarðanir bæjaryfirvalda leiða til frekari ákvarðana um byggingu skólans og starfsemi þar.

Hafnarfirði, september 2007.